

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 220/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1071 frá 18. maí 2020 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug, sem kemur frá Sviss, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Lið 21al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32020 D 1071**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1071 frá 18. maí 2020 (Stjtið. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 16).“

2. Aðlögunartexti u) er endurtölusettur sem aðlögunartexti v).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta t):

„u) Ákvæði 2. mgr. liðar j) og k), í 2. mgr. færslunnar „Flug“ í dálkinum „Starfsemi“ í töflunni í I. viðauka, kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2020.“

2. gr.

Texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2020/1071, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.